



## Hrunamannahreppur



### Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi

#### 1. gr.

##### *Markmið*

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hárteini og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Hrunamannahrepps. Reglurnar ná til kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem kjörmir eru til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

##### *Starfsskyldur kjörinna fulltrúa*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Hrunamannahrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Þeim ber að hafa í heiðri ítrустu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjömir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Hrunamannahrepps.

#### 3. gr.

##### *Valdmörk*

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Hrunamannahrepps. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Hrunamannahrepps virðingu.

#### 4. gr.

##### *Hagsmunaárekstrar*

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinnungur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Hrunamannahrepps lýkur.

Kjömir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

#### 5.gr

##### *Ábyrgð á fjármálum*

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.



## Hrunamannahreppur

---

6. gr.

### *Gjafir og friðindi*

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.

7. gr.

### *Trúnaður*

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokaðum fundum í nefndum og ráðum Hrunamannahrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmaðum og málefnalegum rökum.

8. gr.

### *Að virða hlutverk starfsmanna*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Hrunamannahrepps. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

9. gr.

### *Stöðuveitingar*

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarféluginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið.

10. gr.

### *Miðlun siðareglra til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings*

Kjörmir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólk i sveitarfélagsins, almenningi og fjölmölum á heimasiðu Hrunamannahrepps eða á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

*Samþykkt á hreppsnefndarfundi Hrunamannahrepps 6. júní 2013.*